

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 749 — 272. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta og fóðursjóður).

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Sigurði Inga Jóhannssyni og Jóni Gunnarssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
19. gr., 22. gr., 1.–3. mgr. 24. gr. og 26. gr. laganna falla brott.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (afnám verðmiðlunar og verðtilfærslugjalds mjólkurvara, úthlutun tollkvóta og fóðursjóður).

Greinargerð.

Með tillögunni er lagt til að dregið verði úr millifærslukerfi í landbúnaði og verðlagning gerð gagnsærri. Ætla má að það hafi í för með sér bætt samkeppnisskilyrði og eflingu möguleika innlendra mjólkurafurðastöðva til að takast á við erlenda samkeppni. Þá má ætla að skilgreindur opinber stuðningur við landbúnað muni lækka um allt að 400 millj. kr. verði tillagan samþykkt. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd afgreiddi frumvarp þessa efnis á 139. þingi (sjá nefndarálit á þingskjali 1171 í 13. máli).

